

Hörgársveit  
Guðmundur Sigvaldason  
Pelamerkuskóli  
601 Akureyri

# AFRIT



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. janúar 2015  
Tilvísun: UST20150100006/bs

## Aðalskipulag Hörgársveitar 2012 - 2024, umsögn um tillögu

Vísað er til bréfs Hörgársveitar dags. 12. desember 2014 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í umræddri tillögu eru settar fram hugmyndir um möguleika til umfangsmikillar skógræktar í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun telur að við skipulag skógræktar verði að líta til þess hvernig skógrækt verði best fyrir komið á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til landnotkunar, landslags og jarðmyndana og vistgerða sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, s.s. fossa, mýra og stöðuvatna. Fram kemur í greinargerð að ekki hafi verið gerð úttekt á þessum náttúrufyrirbærum í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun telur að þar sem umrædd tillaga felur í sér framkvæmdir sem breytt geta ásjón sveitarfélagsins um langa framtíð ætti að ráðast í landslagsgreiningu á þeim svæðum innan sveitarfélagsins þar sem tillaga að aðalskipulagi getur haft veruleg sjónræn áhrif í för með sér. Slík greining gæti gagnast við að fella skógræktarsvæði að landslagi í sveitarfélaginu þannig að skógar njóti sín sem hluti landslags í stað þess að hylja landið í stórum "geometriskum" formum sem stinga munu í stúf við ríkjandi landform.

Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á ritið Forests and landscape sem gefin eru út af Forestry Commission í Skotlandi og nálgast má á síðunni: [http://www.forestry.gov.uk/PDF/FCGL004.pdf/\\$FILE/FCGL004.pdf](http://www.forestry.gov.uk/PDF/FCGL004.pdf/$FILE/FCGL004.pdf), þar sem gerð er grein fyrir því hvernig unnt er að fella nytjaskóga betur að landi en gert hefur verið og þar er einnig fjallað um hlutverk sveitastjórna í skipulagningu og hönnun skógræktarsvæða m.t.t. þess landslags og jarðmyndana sem fyrir eru.

Í umræddri tillögu að aðalskipulagi eru gerðar tillögur um umfangsmikla efnistöku í farvegi Hörgár. Umhverfisstofnun vill benda á að alls er ráðgert að efnistaka fari fram á um 13 km löngum kafla í farvegi Hörgár. Umhverfisstofnun vill benda á að fátútt er að jafn stór svæði og þessi séu tekin undir efnistöku, sérstaklega þegar staðsetning efnistökusvæðanna er höfð í huga. Umhverfisstofnun bendir á að markmiðum stjórnvalda um færri og stærri námur verður ekki náð með því að sameina margar námur í stór samfelld námusvæði eins og hér virðist gert. Umhverfisstofnun telur að skipulagsyfirvöld í Hörgársveit ættu að hafa sjálfbærni að leiðarljósi við gerð aðalskipulags. Umfang efnistöku í sveitarfélaginu er langt umfram þarfir

sveitarfélagsins sérstaklega ef höfð er í huga efnistaka sem þegar er stunduð í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun vill í þessu sambandi benda sérstaklega á námuna í Skútum, þar sem unnt ætti að vera að framleiða þau steinefni sem þörf er fyrir í sveitarfélaginu og næsta nágrenni. Umhverfisstofnun vil ítreka fyrir ábendingar stofnunarinnar um að fara með gát þegar að efnistöku í farvegi Hörgár kemur. Umhverfisstofnun telur að ekki eigi að ráðast í róttækar breytingar á farvegi Hörgár nema fyrir liggi örugg víska um það hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á árfarveginum hafi á lífríki og umhverfi svæðisins. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að aðalskipulagi.

Virðingarfyllt

*A. Birna Guðmundsdóttir*  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur